

Fundur um lungnapest í sauðfé

Haldinn í Fossbúð í Skógum. Fundarboðendur MAST og BSSL.

Sveinn Sigurmundsson (**S.S.**), fundarstjóri, bauð fundarmenn velkomna og gaf Halldóri Runólfssyni (**H.R.**) orðið.

H.R.: Bauð fólk velkomið til fræðslufundar og lýsti aðdraganda fundarboðs, þ.e. upp komin tilfelli lungnapestar á svæðinu. Sagði frá hugmyndum sínum um tengsl eldgossins, öskufalls og nú tilfelli lungnasjúkdóma. Lýsti samstarfi BSSL og MAST varðandi aðgerðir á öskufallssvæðum frá upphafi goss í Eyjafjallajökli. **H.R.** taldi að enn sem komið er hefðu ekki skapast sérstök vandræði varðandi heilbrigði búfjár – hvað sem í skærast á seinni stigum. Lýsti hugleiðingum fólks á fyrstu dögum goss, s.s. upplifun af „svarta laugardeginum“. Taldi menn hafa verið mjög vel vakandi að koma dýrum undan og mál farið betur en á horfðist í fyrstu. MAST kom einnig að því í samvinnu við BSSL að flytja gripi burt af svæðinu – og eins síðar hey inn á svæðið. Halldór lýsti rannsóknastarfi MAST á sláturgripum á síðastliðnu hausti sem og rannsóknum á áhrifum gossins á mjólk og aðrar afurðir. Lýsti starfi svo nefndrar „flúornefndar“ sem var fjölskipuð og sneri að áhrifum öskumengaðs fóðurs á gripi. Lýsti þeim rannsóknum sem fyrirhugaðar eru í framhaldinu, s.s. á sláturgripum. **H.R.** lýsti skipun sérstakrar nefndar sem ætlað er að rannsaka og meta áhrif ösku á menn og dýr; en um þetta virðast vera afar takmarkaðar heimildir frá fyrri tímum og/eða öðrum löndum. Bæði MAST og Keldur koma að þessu máli, þessum rannsóknum. **H.R.** gat um há járngildi í heysýnum en vísaði því máli að erindi Þorsteins Ólafssonar. **H.R.** kom inn á endurskoðun laga um dýravernd, en sú vinna er í gangi. Öll mál þessu tengd munu heyra undir Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti en framkvæmdaraðili verður MAST. Að sama skapi mun starf búfjárefnarmanna færast í meira mæli undir beina stjórn MAST. Ýmis mál því á leið frá Bí yfir til MAST. **H.R.** kom inn á þá rýnivinnu sem MAST tekur þátt í, þ.e. yfirferð og samanburð á regluverki EB og Íslands – að ósk Utanríkisráðuneytis. Einnig mat á því hvernig fært væri að taka upp reglugerðir sem við höfum ekki tekið upp hér heima enn sem komið er. Mál þessi snúa að búfénaði, fóðri og flutningum, heilbrigði og sjúkdómavörnum búfjár á mjög víðum grunni. **H.R.** segir EB afar strangt og stíft þegar kemur að samningamálum. **H.R.** taldi einkum brýnast að ná fram áherslum okkar varðandi höft á flutningi dýra milli landa til að verja góða sjúkdómastöðu landsins og hreinleika búfjárstofna. Skýrt álit liggur fyrir frá Allsherjarnefnd Alþingis til stuðnings þessari meginkröfu. **H.R.** lýsti skipulagi fundar og dagskrá dagsins, röð erinda og flutningsmanna.

S.S. – Þakkaði **H.R.** fyrir erindið og bauð Eggert Gunnarsson, dýralækni á Keldum, velkominn með erindi sitt.

E.G. lýsti veru sinni undir Eyjafjöllum sem afleysingasæðingamaður og ungur dýralæknir fyrir hart nær 40 árum. Lýsti starfi sínu sem sýklafræðingur á Keldum í seinni tíð. Meginþungi starfsins, síðastliðið ár, hefur verið tengdur hrossaveikinni og síðan nýjum tilfellum lungna-sjúkdóma í sauðfé. **E.G.** hóf þá flutning síns erindis með aðstoð glærusýningar þar sem orsakir, eðli og afleiðingar lungnapestar eru skýrð.

Katrín Andrésdóttir, héraðsdýralæknir, (**K.A.**) – tekur við í flutningi erindis. Lýsti því hvernig viðkomandi sýklar eru alla jafna hluti af eðlilegri flóru í öndunarvegi sauðfjár. Lýsti í því sambandi skýrandi dæmi varðandi rannsóknir á hrossahóstanum títt nefnda og háu flækjustigi þegar fjölbreyttir bakteríustofnar og undirflokkar eru annars vegar. **K.A.** kom inn á áhrif streitu/stress/kulda/þrengsla/fóðurbreytinga í tengslum við greind tilfelli sýkinga. Hugsanleg áhrif rúnings (kuldaskjokk) ofan í mikla öskumengun í lofti (öskufjúk). **K.A.** lýsti þeim einkennum sem koma fram í sjúkum kindum og venjulegum aðdraganda staðfestrar sjúkdómsgreiningar. Kindur sem lifa sjúkdóminn af fá alla jafna drep í lungu. Góður aðbúnaður/fóðrun lyklatríði í vörnum og öllum mótvægisáðgerðum.

E.G. – sýndi krufningarmynd af innnyflum veikrar kindar og lýsti einkennum. Óskaði sérstaklega eftir sýnum (lungu/lifur) úr sjúkum kindum til frekari greiningar á Keldum. **E.G.**- fór vel yfir hvaða upplýsingar þyrftu að fylgja – svo og umbúnað sýnanna frá hendi bænda. **E.G.** lýsti einnig einkennum sjúkdómsins kregðu og sýndi myndir af lungum sýkra gripa. Kregða fyrst og fremst sýnileg til þessa sem sumarhósti í lömbum. Nú hefur tekist að einangra sýkilinn og mögulega bæta vörn inn í bóluefni gegn lungnapest. Talið er að kregða sé oft tilfellið í aðdraganda raunverulegrar lungnapestar. Skýr dæmi um kregðu sjást alltaf í haustslátrun en síður og minna í sláturgripum þegar á líður vetur.

K.A. tók aftur við og kallaði eftir viðbrögðum bænda og bað þá sérstaklega að vera duglegir að tilkynna vafasama gripi og hóstaeinkennum í fjárhúsum. **K.A.** lýsti nothæfum lyfjamöguleikum til að vinna á lungnapest og áhættuþáttum varðandi smitálag/smitdreifingu. **K.A.** lýsti einnig þætti góðrar steinefnastöðu og aðgangs að góðu vatni og steinefnum hjá öllum gripum – bág staða selens/E-vítamíns á svæðinu kom berlega fram í krufðum folöldum síðastliðið sumar. **K.A.** setti fram spurninguna hvort lungnapest væri í raun smitandi? Um leið og sjúkdómurinn er á annað borð kominn sýnilega fram er víst að smitálag í hjörð vex hröðum skrefum.

E.G. – tekur við. Lýsti framleiðslu á lungnapestarbóluefni og möguleikum á því að miða framleiðslu bóluefnis við þá sýklstofna sem greinast á viðkomandi svæðum. Hvar á að bólusetja? Þar sem lungnapest er staðfest og þá einnig á nágrannabæjum – þar sem mikill samgangur er. **E.G.** taldi vænlegast að taka allt svæðið fyrir til að lágmarka smitálag – koma í veg fyrir faraldur. Æskilegt að bólusetja í 3-4 ár í beit til að tryggur árangur náist.

Bólusetja skal 2x með 10-12 daga millibili, einu sinni á ári – en gemlinga tvisvar á ári. Skal helst gerast á haustin en þó fyrir fengitíð. **E.G.** gat um þá áhættu, gagnvart frjósemi áнна, sem hlýst af bólusetningu um og eftir fengitíma. Nefndi mikilvægi tilkynninga beint til héraðsdýralæknis og/eða sérgreinadýralæknis. **K.A.** rakti mikilvægi góðs samstarfs við starfandi dýralækna á svæðinu.

Þorsteinn Ólafsson, sérgreinadýralæknir MAST (**P.Ó.**) tekur við. Lungnapest kom upp undir Eyjafjöllum á 9. áratugnum og þá var bólusett. Lýsti upplifun bænda af málinu á síðustu árum. Árið 2009 finnst lungnapestarbaktería í lambi í Skaftártungu – sem þó var ekki með lungnapest; Skaftártunga er á svæði þar sem lungnapest hefur ekki verið greind. Milli jóla og nýárs 2010 drepast kindur á tveimur bæjum, undir V-Eyjafjöllum og í Sólheimabæjahverfi. Úr krufðum gripum á þessum bæjum voru ekki tekin sýni til frekari ræktunar. Nýrri sýni hafa staðfest að um lungnapestarsýkla er að ræða. Einnig fannst jákvæð svörun við kregðu í sýni úr einum grip. Lungnapest er nú staðfest á allnokkrum bæjum undir Eyjafjöllum og einnig í Mýrdal. Um eiginlegan faraldur er ekki að ræða enn sem komið er – en sú áhætta er fyrir hendi. Að sama skapi er líklegt að kregða sé á sama svæði – sem líkast til er alls ekki útbreidd. Þegar staðfestir bæir eru býsna dreifðir um svæðið. Hverjar ástæður/orsakir nú? Þessir sýklar eru fyrir hendi, sjúkdómur kemur fram eftir að gripir eru teknir á hús, kuldi eftir rúning virðist hafa áhrif, öskufjúk trúlega þáttur í ferlinu. **P.Ó.** sagði kindur hósta á mörgum bæjum og trúlega mun víðar en greiningar hafa sannað sjúkdóminn. **P.Ó.** lýsti skoðun sinni varðandi vænleika þess að bólusetja allt fé á svæðinu frá Markarfljóti austur að Vík – hið minnsta. **P.Ó.** lýsti áhuga MAST á því að rannsaka sjúkdóminn og dreifingu hans til muna nánar ef tekst að fjármagna það starf. Hugsanlega mæla Landssamtök sauðfjárbænda með því verki og styðja. Að endingu gat Þorsteinn um að öllum væri vissulega frjálst að bólusetja sínar kindur. Bæði **P.Ó.** og **K.A.** lögðu ríka áherslu á mikilvægi þess að fá inn sýni úr sýktum gripum til rannsókna – ekki síst ef tilfelli koma upp í austanverðum Mýrdal og/eða Álftaveri.

Karl Pálmason, Kerlingardal, Mýrdalshreppi. Bar fram spurningu varðandi svo nefndan lamba-hósta, - sem **P.Ó.** taldi oftast nær fremur tengdan kregðu en lungnapest.

Myndum brugðið upp að nýju og getið samhliða um einkenni ormasýkinga á útlit lungna. **K.A.** sagðist setja allar skýringarmyndir inn á heimasíðu MAST og BSSL í framhaldinu. **P.Ó.** lýsti skýrum vilja sínum til að finna út hversu útbreidd kregðan væri nú í raun. Viðkomandi lömb (kregðu) þurfa alls ekki að þrífast verr né þroskast síður en önnur – oft fylgir þó seinna brjósthimnubólga sem alltaf hefur neikvæð áhrif á þrif. Kregðusmit mun vera auðgreinanlegt í lungum sláturfénaðar.

S.S. Þakkaði frummælendum kærlega fyrir og opnaði liðinn önnur mál/umræður.

Einar Þorsteinsson, Sólheimahjáleigu, Mýrdalshreppi, bað um orðið. Þakkaði góð erindi. Lýsti vonbrigðum sínum með fundinn sem hann hefði fyrirfram talið að myndi einskorðast við ráðleggingar varðandi varnir við sjúkdómnum. Sagði gjá milli bænda og MAST varðandi sjúkdómavarnir og vitnaði til niðurfellingar varnarlína. Taldi Mýrdælinga leggja á það ríka áherslu að varnarlínunum væri viðhaldið á Mýrdalssandi og um Jökulsá á Sólheimasandi. Þakkaði góð störf Viðlagatryggingar, Bjargráðasjóðs, BSSL og sjálfboðaliða vegna afleiðinga eldgoss í Eyjafjallajökli. Ítrekaði skoðun sína um gjá milli MAST og bænda. Lýsti áhyggjum sínum af mögulegum hrútakosti ef ekki yrði við brugðist. Lýsti fram komnum sjúkdómi, lungnapest, einkennum og framgangi á búi sínu; 8 kindur þegar dauðar. Taldi að eftir 5-10-15 ár yrðu mun fleiri sjúkdómar á ferðinni – í raun fyrir misgáning og að óþörfu vegna aðgerða/aðgerðaleysis MAST. Lýsti störfum sérstakrar nefndar um varnarlínur landsins; sem mun hafa ályktað að varnarlínur í sýslunni skyldu standa óbreyttar. Lýsti nauðsyn, einkum og sérílagi, varnarlínunum um Jökulsá á Sólheimasandi. Tók þar m.a. dæmi um heftingu sjúkdóma í mönnum 1918, þ.e. heftingu á útbreiðslu spænsku veikinnar. Nefndi ályktanir fjárræktarféлага í Mýrdal og fleiri funda sem allar munu hafa verið á einn veg. Einar nefndi stofnaveldi í þessu sambandi og taldi MAST valta hér yfir heila stétt – gegn ályktunum hennar og skoðunum. Frjálsir flutningar væru hættulegir og þarflausir. Besta ræktunarstarfið taldi Einar fólgið í starfi öflugra sæðingastöðva. Lýsti fullri ábyrgð á hendur MAST með tilkomu tveggja nýrra sjúkdóma. Vildi strax endurvakningu varnarlínunna á Mýrdalssandi og um Jökulsá. Sagði skýlausa kröfu bænda að búa við heilbriggt fé. Sagði reynslu eins árs þegar staðfesta vonda raun og afleiðingar niðurfellingar varnarlína. Sagði óskemmtilegt að vera bóndi þegar fé er sjúkt og veikt.

Ólafur Þ. Gunnarsson, Giljum, Mýrdalshreppi, bað um orðið. Vildi lýsa sinni reynslu. Á heimabúi hans hefur greinst kind með lungnapest. Sagði frá hósta sem hefur sýnt sig í fé undangengin ári (3-4 ár). Sagði að fyrirfram hefði hann talið að greindur gripur (gæmsi) hafi drepist úr fóðureitrun – sem svo reyndist lungnapest. Ó.G. taldi að varnarlínur/varnarlínuleysi væru þessu máli alfarið óviðkomandi því sýkillinn væri þegar fyrir hendi. Lýsti þeirri skoðun sinni að næg þekking á útbreiðslu væri einfaldlega ekki fyrir hendi, í því sambandi tiltók hann hrút á sæðingastöð sem nýverið drapst úr lungnapest. Taldi stress, öskuryk og ytra áreiti vera megin orsakabætti í þessum málum. Taldi niðurfellingu varnarlína hafa verið að mörgu leyti skynsamlegar á sínum tíma í ljósi kostnaðar. Lýsti skoðun sinni á hlutverki MAST í rannsóknum og forvarnarhlutverki. Kallaði eftir breiðari og víðtækari rannsóknum á fé að hausti.

Tómas Ísleifsson, Ytri-Sólheimum III, Mýrdalshreppi, bað um orðið. Nefndi tengsl við stress og spurði í hvaða samhengi fjárdauði á ákveðnum bæjum hefði komið fram? Er fé enn að drepast á viðkomandi bæjum? Er von á miklu tjóni og hvers má fólk vænta í framhaldinu? Staðfast álit Tómasar er að ef ekki fæst að flytja fé frá Sólheimingum í vor, austur á bóginn, – þá verði Sólheimingar einfaldlega að skera niður fjárstofn sinn og fækka.

Einar Þorsteinsson, Sólheimahjáleigu, Mýrdalshreppi. Sagði ekki hafa sést á nokkurri kind eftir bólusetningu í upphafi árs.

Einar Freyr Elínarson, Sólheimahjáleigu, Mýrdalshreppi. Sýndi með korti útbreiðslu lungna-pestar og fleiri útprentuð blöð af heimasíðu MAST er sýndu varnarhólf og staðfesta sjúkdóma-dreifingu, en þessi gögn væru úr skýrslu sérstakrar nefndar um varnarlínur. Spurði um gildi þeirra gagna og sannleiksgildi?

Jónas Hermannsson, Efri-Kvíhólma, Rangárþingi eystra. Sagði að á árunum 1975-1980 hefði fé verið hóstandi að hausti bæði í N og S-Hvammi í Mýrdal. Sagði Þorstein Línal, dýralækni, hafa greint hóstann sem kregðu. Jónas spurði um sýnilegar afleiðingar gossins á lömb í sláturtíð, hvort eitthvað einkennandi hefði komið fram á föllum/líffærum lamba af áhrifasvæði gossins? Lýsti í gamansömum tóni samskiptum sínum við steinefnasöllumenn og fóðursala.

Guðni Einarsson, Þórisholti, Mýrdalshreppi. Mótmaelti fullyrðingu Einars Þorsteinssonar um hreint svæði í Mýrdal; en þar kom upp riða árið 1982. Varnarlínur virkuðu ekki þá né fékkst botn í málið hvernig riðan barst inn á svæðið. Niðurfelling varnarlína einmitt til komin vegna staðfestingar á því að Mýrdalur væri nú hreint svæði.

Sigurjón Sigurðsson, Efstu-Grund, Rangárþingi eystra. Fé á Efstu-Grund hefur ekki snöggdrepist. Taldi að bjarga hefði mátt öllu með penicillíni. Eftir bólusetningu er fé þó enn að veikjast, mikið hefur hægt á, en þó enn mikill hósti.

H.R. Svarar Einari Þorsteinssyni. Þykir leitt hvernig E.Þ. talaði. Taldi að skýrt kæmi fram á fundinum í máli/erindum dýralækna að varnarlínur hefðu ekkert með lungnapest að gera – hreint ekkert. Svarar spurningu Einars Freys Elínarsonar um tilkomu birtra korta um útbreiðslu lungna-pestar og annars fram komins og birts efnis. Gjá á milli bænda og MAST? **H.R.** vísar því algerlega á bug og taldi bæði bændur og MAST vinna samhliða að sama marki, í átt að heilbrigðum búfénaði í hvívetna. Sagði trúlegt að umræddar bakteríur væru mun víðar í fé en greint hefur verið nú þegar – auk þess sem samspil við stressvalda væri mjög trúlegt í þessu samhengi. En öll tengsl varnarlína/varnarlínuleysis og lungna-pestar fráleit. Lýsti fullum vilja sínum og stofnunarinnar til að vinna af alefli með bændum. **H.R.** hafnaði þeim málflutningi að MAST hefði valtað yfir nokkurn mann eða nokkra stétt – það væri alrangt. Varðandi yfirlýsingar um að MAST greiði fyrir meðhöndlun vegna fjölbreyttra sjúkdóma þá taldi **H.R.** slíkt fráleitt. **H.R.** taldi höfuðkost að hafa sjálfstæða stofnun, Keldur, til að koma að þessum málum. Beindi því til Einars Þorsteinssonar að spyrja Eggert Gunnarsson að nýju um samhengi lungna-pestar og varnarlína.

K.A.: Lýsti vinnubrögðum í gosi og öskufalli síðastliðins sumars. Engin áhrif hafa komið fram í föllum/innyflum sem vert er að nefna. Ákveðnir bæir eru í vöktunarplani auk þess sem hugmyndir eru uppi um eftirfylgni og rannsóknir á uppvaðandi ungvíði og þroska þess. Taldi

brýnt að þegar yrði farið í undirbúning vegna mögulegra fjárflutninga á komandi vori. **S.S.** gat um samtal sitt við Svein Runólfsson, Landgræðslustjóra, sem hafði tekið vel í að lána Leiðvallargirðinguna að nýju þó ekkert væri þar fast í hendi.

E.G. Við viljum heilbrigt búfé! Eðlileg krafa allra og til þess þarf varnir. Lýsti nokkuð sögu varnarlína og samhengi tilkostnaðar og ávinnings. Tímarnir breytast og sýn manna jafnframt. Niðurfelldar varnarlínur hefðu ekki komið í veg fyrir uppkomu lungnapestar nú. Hvað er þá til ráða? Áður lýst.... bólusetja á svæðinu og sjúkdómurinn mun verða úr sögu á nokkrum árum. Fleira er til varnar en varnarlínur, s.s. sjúkdómavöktun. Einna mikilvægast er virk sjúkdómavöktun og innsending sýna í hvívetna. Sjúkdómavöktun varðar almannaheill og því fjármagni sem í stórum upphæðum er varið til viðhalds varnarlína væri að hluta betur komið í virkari sjúkdómavöktun.

P.Ó. Taldi hér ekki miklu við að bæta. Varnarlínan er við fjárhúsdýr hjá hverjum og einum!! Skylda bænda að verja eigið fé og passa umferð um sín hús. Taldi allt of mikil viðskipti með lifandi fé. Mun ríkari áhersla ætti að vera á öflugt starf í gegnum sæðingar. Sagðist hafa brotið lög með því að leyfa flutning sauðfjár undan Eyjafjöllum vestur í Kjós – þó með því skilyrði að fénu yrði slátrað síðastliðið haust. Sagði að til að rúmast innan ramma laga hefði þurft skjóta ákvörðun og skyndilega lagabreytingu. **P.Ó.** sagðist hlakka til að fá gögn jafnharðan út úr skýrsluhaldskerfinu Fjávís sem skráir alla flutningasögu gripa – líkt og gerist með nautgripi. Á því væri rík þörf til að fylgjast með fjárflutningum og auka rekjanleika sjúkdóma. Fyrst og fremst taldi **P.Ó.** þó skyldu hvers og eins að passa sitt bú. Hættan væri alltaf langmest þegar lifandi gripir eru fluttir landshorna í millum. Lungnapestarbakteríur eru í öndunarvegi sauðfjár og eru tækifærissinnar, en útbreiðsla raunverulega veikra kinda of lítið kunn. Áhrif gossins taldi **P.Ó.** til allrar lukku minni en vænta hefði mátt við upphaf og framan af gosinu. Lýsti framkvæmd blóðsýnatöku á völdum búum, sagði mæligildi járn í hærri mörkum miðað við skólabókargildi en útslag á öskufallssvæði ekki teljandi samanborið við viðmiðunarbú í Kjós og Borgarfirði. M.ö.o. að hátt járninnihald í heyjum virðist ekki haldast í hendur við óeðlilega mikla járnupptöku í búfénaði á svæðinu. Gat um smásjárrannsóknir sem eftir er að framkvæma á innnyflum. Sagði að í raun hefðu menn verið hissa í allt sumar á því hversu lítið kvisaðist um afföll búfjár.

Helga Haraldsdóttir, Núpakoti, Rangárþingi eystra. Sagði áberandi mikið af litlum dökkum blettum auk ráka í lungum heimaslátraðs fjár hjá sér. Sama hefði verið á ferðinni á Raufarfellsbæjum. **Kristinn Stefánsson**, Raufarfelli, Rangárþingi eystra. Sagði fé frá sér einnig hafa farið í sláturhús – og einkenni hefðu átt að koma fram þar; en gerðu ekki.

Einar Þorsteinsson, Sólheimahjáleigu, Mýrdalshreppi. Þakkaði H.R. fyrir að segja hreinskilnislega sína meiningu. Lýsti því að hann hefði talið að sitt fé hefði komið smitað heim úr Leiðvallargirðingu í haust.

Jónas Marinósson, Sólheimatungu, Mýrdalshreppi. Spyr um vænleika þess að gefa hey sem samkvæmt heysýnum mælist með há járnildi? **P.Ó.** sagði ekkert benda til þess að járníð hefði skaðleg áhrif – enn sem komið er. Há „járnhey“ étast jafnvel sums staðar betur en annað.

S.S. sagðist ekki vita um nein teljandi neikvæð áhrif af gjöf nefndra heyja.

Karl Pálmason, Kerlingardal, Mýrdalshreppi. Er ekki búið að ákveða á hve stóru svæði er vænlegt að bólusetja? **P.Ó.** taldi a.m.k. að það ætti að bólusetja frá Markarfljóti og allt austur í A-Mýrdal. Nefndi aukinheldur þau svæði þar sem öskufok/öskuryk er til boga fyrir búfénað; þar ætti klárlega að bólusetja. **P.Ó.** hvatti menn auk þess eindregið til að bólusetja og ormahreinsa allt fé sem færi í hugsanlegan flutning í vor.

Einar Þorsteinsson, Sólheimahjáleigu, Mýrdalshreppi. Taldi lítið hald í að einn og einn bólusetti; annað hvort allir eða ekki!

H.R. og **P.Ó.** Töldu sig hafa litlar heimildir til að fyrirskipa nokkuð í því efni – en málið þarfnaðist frekari skoðunar. Mögulegt væri, hið minnsta, að senda bréf heim á alla bæi með ráðleggingum og leiðbeinandi úrræðum. Sögðu MAST myndi ganga í þessa bréfagerð hið fyrsta. Einnig mögulegt að fylgjast náið með því hverjir bólusetja. En heimild til að fyrirskipa bólusetningu er klárlega ekki fyrir hendi.

Jónas Hermannsson, Efri-Kvíhólma, Rangárþingi eystra. Benti á að Reynisfjall væri slæm viðmiðun til skiptingar á bólusetningarsvæði í Mýrdal, fé gengi þar saman frá öllum bæjum á heiðum uppi.

Baldur Björnsson, Fitjarmýri, Rangárþingi eystra. Greindi frá lungnapest sem upp kom undir V-Eyjafjöllum kringum 1980 og fór bæ af bæ. Lýsti varnaraðgerðum manna og því að bændur skuldbundu sig til að bólusetja í 2 ár. Taldi nauðsynlegt að menn byndust samtökum um að bólusetja nú undanbragðalaust á svæðinu öllu.

H.R. spurði hvort MAST mætti túlka vilja fundarmanna í takt við málflutning Baldurs Björnssonar?

Páll Eggertsson, Mýrum, Skaftárhreppi. Er mögulegt að blanda lungnapestarbóluefni við önnur bóluefni sem bændur eru þegar að sprauta með? **E.G.** segir menn ekki hafa þorað að stíga það skref og benti á vafasaman ávinning og/eða reynslu frá öðrum löndum. Minnti á að bóluefnið er skradarasaumað gegn tilteknum sýklum og fyrir tiltekið landssvæði.

Ólafur Stígsson, Steig, Mýrdalshreppi. Lýsti óánægju sinni með viðbrögð MAST/dýralækna – þegar hann vildi fá gripi krufða síðastliðið haust.

Ásgeir Árnason, Stóru-Mörk III, Rangárþingi eystra. Tók undir fram komnar hugmyndir um bólusetningu á svæðinu öllu. Spurði hvort mögulegt/ráðlegt væri að sameina seinni lungna-pestarbólusetninguna við lambablóðsótt, þ.e. framkvæma á sama tíma. **E.G.** taldi mun ráðlegra að blanda þessu tvennu ekki saman – en keyra fremur á lungnapestarbólusetningu nú þegar.

S.S. Spurði um kostnað? **Sigurjón Sigurðsson**, Efstu-Grund, sagði það um 51-52kr/kind fyrir tvær umferðir bólusetningar.

Lars Hansen, dýralæknir, Hvolsvelli, Rangárþingi eystra. Spurði um öryggi þeirra varna sem bóluefninu er ætlað að veita? Enn fremur um næmi þessara bakteríustofna fyrir penicillíni? **E.G.** sagði stofnana alla mjög næma fyrir penicillíni. Þegar langt er liðið á sjúkdómsferil eru sýklalyf hins vegar gagnslaus vegna þegar fram kominna lungnaskemmda. **E.G.** tók mönnum vara fyrir að álykta sem svo að við yrðum að fullu laus við lungnapestina eins og hendi væri veifað en bólusetning af krafti sem víðast myndi slá verulega og hratt á framgang/dreifingu sjúkdómsins.

Jóhann Jensson, Fit, Rangárþingi eystra. Spurði hvort bólusetja ætti smálömb sem ætlað er að slátra er á líður vor (páskalömb)? **E.G.** sagði það allt eftir ástæðum. Klárlega veika gripi skyldi meðhöndla en hraustir gripir ættu ekki að þurfa þess með.

Karl Pálmason, Kerlingardal, Mýrdalshreppi. Lýsti ánægju sinni með fundinn og þær áherslur sem þar voru uppi.

Guðlaugur Einarsson, Ysta-Skála, Rangárþingi eystra. Spurði um flakk rúningsmanna milli bæja og reglur um umgengni þeirra? **H.R.** sagði engar opinberar reglur þar um en flestir umfarandi starfsmenn í landbúnaði hefðu skilning á málinu. **H.R.** ítrekaði orð Þ.Ó. um að hver bóndi hefði hér mest að segja með vöktun sinni og vöku; við fjárhúsdyr. **K.A.** benti á skilti sem margir hafa komið upp á fénaðarhúsum sínum – til áminningar umfarandi.

Jóhann Jensson, Fit, Rangárþingi eystra. Spurði um áhrif lungnapestar á sæðingastöðina? **Þ.Ó.** og **K.A.** töldu að áhrifin yrðu engin – enda þá erfitt að nálgast hrútakost í mörgum tilfellum. Upp kom nokkur umræða um hrút sem drapst úr lungnapest þann 23. desember á stöðinni (veiktist 22. des.), aðkominn austan úr Öræfum.

Sigrún R. Ragnarsdóttir, Ytri-Sólheimum III, Mýrdalshreppi. Spyr um tilkynningaskyldu einstakra bænda gagnvart nágrönnum og eftirlitsaðilum, þegar upp koma sjúkdómar? **H.R.** benti á tilkynningaskyldu til MAST og sjálfsagða upplýsingagjöf til nágranna. **Þ.Ó.** sagði menn gera sér og öðrum mestan óleik með því að fela hlutina. Nefndi dæmi um falda mæðiveiki – sem að endingu orsakaði mikið tjón. **K.A.** sagði MAST iðulega taka að sér kynningu og viðbrögð; þegar um alvarlega sjúkdóma er að ræða.

S.S. þakkaði frummælendum og fundargestum fyrir góðan og upplýsandi fund og sleit fundi.

Fundargerð ritaði: Pétur Halldórsson, BSSL.